

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Fræðslusjóð Ögurhrepps« útgefið á venju-
legan hátt að mandatum af dóms- og kirkumálaráðherra 21. október 1919.

Skipulagsskráin er þannig :

167
30. apríl

Skipulagssrá

fyrir Fræðslusjóð Ögurhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Jón Einarsson, bónda á Garðsstöðum í Ögur-
hreppi, Sigríði Jónssdóttur konu hans og syni þeirra Einar og Kjartan.

2. gr

Stofnfje sjóðsins er 2500 — tvö þúsund og fimm hundruð — krónur í bankavaxta
brjefum með vaxtamiðum frá 1. janúar 1918.

3. gr.

Undir yfirumsjón sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu hefir hreppsnefnd Ögurhrepps á
hendi stjórn sjóðsins, sjer um geymslu verðbrjefa hans og annara eigna, gætir þess að sjóður-
inn sje jafnan áreiðanlega tryggður og ákvarðanir skipulagsskrár þessarar uppfyltar. Eignir
sjóðsins skulu jafnan ávaxtast með því að kaupa bankavaxtabrjef Landsbankans, innlánskír-
teini og sparisjóðsinnstæðu í Landsbankanum eða útbúum hans og með skuldabrjefum með 1.
veðrjetti í jarðeignum, sjerstaklega í Ögurhreppi, og skal aldrei lánað meira en svo út á jarð-
eign, að jarðarafgjaldið, samkvæmt verðlagsskrá, sje 7⁰/₁₀ af upphæð lánsins. Hreppsnefnd
Ögurhrepps veitir námsstyrki og semur reikninga sjóðsins, en reikningarnir skulu endurskoðaðir
og úrskurðaðir af sýslunefnd.

4. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal standa óskertur og vextir leggjast við hann þangað til á
hálfrraldar afmæli Einars sál. — árið 1929 — þá skal veita 500 — fimm hundruð — króna
styrk einum efnilegum pilti til búnaðarnáms. Síðan skal sjóðurinn ávaxtast áfam, þar til á
aldarafmæli Jón sál. — árið 1949 —; skal þá veita einum efnilegum manni 1000 — eitt þús-
und — króna styrk til búnaðarmáms erlendis; og á aldarafmæli Sigríðar sál. — árið 1952 —
skal veita efnilegri húsmóður eða stúlku 500 — fimm hundruð — króna styrk til náms á
innlendum húsmæðraskóla, sjerstaklega á skóla Benedictsensmæðgna.

Eftir þann tíma má veita námsstyrki annað hvert ár af vöxtum sjóðsins, en þá al-
drei herra en svo, að ¹/₅ af vöxtunum leggist við höfuðstólinn, þangað til á aldarafmæli Kjartans
sál. — 1992 —, þá skal veita 1000 — eitt þúsund — króna styrk efnilegum manni til
náms á land og hallamælingum.

Frá árinu 2000 má verja ⁹/₁₀ af vöxtunum til námstyrks, en minst ¹/₁₀ leggjast við
höfuðstólinn.

167

5. gr.

30. apríl

Styrk úr sjóðnum skal aðeins veita til landbúnaðarnáms innanlands og utaú og tíj náms á húsmæðraskólanum

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að styrkþegi sje búsettur í Ögurhreppi, sje efnalíttill, hafi hæfilega undirbúningsmentun og sje að áliti hreppsnefndar verðugur þess að fá styrkinn. Styrkveiting til náms innanlands útilokar engan frá styrk til náms erlendis, ef styrkveitanda þykir ástæða til og fje er fyrir hendi.

6. gr.

Skipulagsská þessari má ekki breyta fyr en sjóðsupphæðin er orðin 25000 — tuttugu og fimm þúsund — krónur, en þá má hreppsnefndin í Ögurhreppi fá breytingar á henni, ef sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu samþykkir breytingarnar, en þá skulu allar fjárveitingar úr sjóðnum jafnan ganga til eflingar fræðslu og landbúnaði í Ögurhreppi.

7. gr.

Sjóðurinn má ekki taka við gjöfum nema frá afkomendum gefenda.

8. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Ísafirði 30. apríl 1918.

Jón A. Jónsson,
bankaútbússtjóri.

Karítas Jónsdóttir.

Kristján Jónsson

Ólafur Jónsson,
bóndi, Elliðaey.

Kristín Jónsdóttir.

168

23. okt.

Samþykkt

um kynbætur hesta í Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Í hreppi hverjum skal hreppsstjóriun annast um, að kosnir sjeu á vorhreppaskilum ár hvert þrjár menn í kynbótanefnd. Hefir hún á hendi alla umsjón með kynbótum hesta eftir því sem samþykkt þessi ákveður.

2. gr.

Kosningarrjett til kynbótanefndar hafa allir hinir sömu og til hreppsnefndar, en kjörgengir eru allir karlmenn 25 ára í sjálfstæðri stöðu. Þá sem eru öðrum háðir má og kjósa, en þó því aðeins að húsbóndinn leyfi. Kosning gildi til eins árs, þó getur enginn skorast undan kosningu þrjú ár í röð, en að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu um jafn langan tíma.